

## USK Skipulag

---

**Frá:** Ólöf Harðardóttir <olof@uua.is>  
**Sent:** mánudagur, 30. september 2019 09:54  
**Til:** USK Skipulag  
**Afrit:** Harri Ormarsson; Erna Hrönn Geirsdóttir; Björgvin Rafn Sigurðarson; Glóey Helgudóttir Finnsdóttir  
**Efni:** Tilkynning um kæru 102/2019 // fyrirspurn um leyfishafa  
**Viðhengi:** 30.9.2019 - 28 september 2019 Kæra til UUA Freyjubrunnur 23.pdf - (Ó.H.).pdf; 30.9.2019 - Scan\_uuaolof\_201908291363\_001.pdf - (Ó.H.).pdf; 30.9.2019 - 11\_freyjubrunnur\_23\_bref\_og\_gogn.pdf - (Ó.H.).pdf

Góðan dag

### **Efni. Tilkynning um kæru.**

Meðfylgjandi er afrit stjórnslukæru, móttekin 29. september 2019 ásamt fylgigögnum, þar sem kærð er ákvörðun um „breytingu á deiliskipulagi að Freyjubrunni 23 sem samþykkt var í borgarráði Reykjavíkur þann 18. júlí 2019 og auglýst í Lögbirtingablaðinu með auglýsingu nr. 758/2019 sem birtist þann 30. ágúst 2019.“ Vegna framkominnar stöðvunarkröfu er farið fram á að úrskurðarnefndin fái í hendur gögn er málið varða fyrir 8. september nk. og er stjórnvaldi gefinn kostur á að tjá sig um kröfuna til sama tíma. Frestur til að gera athugasemdir vegna kærunnar að öðru leyti er 30 dagar frá dagsetningu þessarar tilkynningar, sbr. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Jafnframt óskast upplýsingar um leyfishafa ef hann er til staðar.

Óskast staðfest um móttöku.

Með kveðju

**Ólöf Harðardóttir, skrifstofumaður**  
Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála  
Skuggasundi 3, 101 Reykjavík, Iceland  
Sími / Tel: (+354) 561 5111  
[www.uua.is](http://www.uua.is) - [Fyrirvari/Disclaimer](#)



Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður  
Please consider the environment before printing

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála  
Skuggasundi 3  
101 Reykjavík

# KÆRA

## **Kærendur:**

Kærendur eru undirrituð, Jón Viggó Gunnarsson (011069-5339) og Ástríður Elín Jónsdóttir (071067-5809). Kærendur eru þinglýstir eigendur fasteignar að Freyjubrunni 25-27, 113 Reykjavík sem er næsta hús við þá fasteign sem deila þessi varðar. Eiga kærendur því lögmætra hagsmuna að gæta sem fasteignareigendur og grenndarhagsmunahafar gagnvart hinni kærðu ákvörðun.

## **Hin kærða ákvörðun:**

Ákvörðum um breytingu á deiluskipulagi að Freyjubrunni 23 sem samþykkt var í borgarráði Reykjavíkur þann 18. júlí 2019 og auglýst í Lögbirtingarblaðinu með auglýsingu nr. 758/2019 sem birtist þann 30. ágúst 2019.

## **Kröfugerð:**

Gerð er krafa um að framangreind ákvörðun verði felld úr gildi. Auk þess er þess krafist að yfirvofandi og þegar byrjaðar framkvæmdir verði stöðvaðar á meðan kærsmål þetta er til meðferðar hjá nefndinni, sbr. og 1. mgr. 5. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

## **Málsatvik:**

Kærendur eru eigendur að fasteign við Freyjubrunn 25-27 í Reykjavík. Um er að ræða Úlfársdalshverfi Reykjavíkurborgar sem er í talsverðri uppbyggingu.

Forsaga málsins er sú að árið 2018 kærðu kærendur í máli þessu til kærunefndar umhverfis- og auðlindamála ákvörðun byggingafulltrúans í Reykjavík um að endurútgefa byggingarleyfi fyrir þriggja hæða fjölbýlishús ásamt geymslu- og bílakjallara á lóðinni nr. 23. við Freyjubrunn

þar sem þau töldu byggingaleyfið ekki samræmast deiluskipulagi. Þann 29. ágúst 2019 kvað kærunefndin upp úrskurð sinn í málinu og felldi úr gildi ákvörðun byggingafulltrúans þar sem hið kærða byggingaleyfi væri ekki í samræmi við skilmála gildandi deiluskipulags um hámarkshæð húsa, svo sem áskilið er í 11. gr. sbr. 1. tl. 1. mgr. 13. gr. laga um mannvirki, nr. 160/2010.

Þann 18. júlí 2019 samþykkti borgarráð að breyta deiluskipulagi að Freyjubrunni 23 í samræmi við afgreiðslu skipulags- og samgönguráðs frá 3. júlí 2019. Samkvæmt bókun felst í breytingunni m.a. að fjölga íbúðum úr fimm í átta og auka byggingamagn.

Kærendur telja þá ákvörðun Reykjavíkurborgar að samþykkja fyrirhuguð byggingaráform og fyrirhugaða útgáfu á byggingarleyfi vera ólögmetta á grundvelli neðangreindra sjónarmiða:

### **Málsástæður og lagarök:**

#### 1. Röng málsmeðferð

Að mati kæranda hlaut hin umdeilda deiliskipulagsbreyting ranga málsmeðferð. Að mati kæranda hefði þurft að fara með breytinguna eins og um nýtt deiliskipulag væri að ræða, sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 enda víkur hin umdeilda tillaga frá notkun, nýtingarhlutfalli, útliti og formi viðkomandi svæðis. Í þessu samhengi er vísað til þess að byggingarreitur stendur mun framar en aðrir reitir í sömu götu, hæð er önnur og meiri og eignin sjálf öll á skjön við götumynd auk þess sem hlutfallslega er nýting aukin mikið.

Telja kærendur að áhrif deiliskipulagsbreytinganna hafi ekki verið metin út frá áður gildandi deiliskipulagi og hafi Reykjavíkurborg því brotið gegn rannsóknarreglu 10. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 enda hafi hún ekki kannað nægilega áhrif tillögunnar á þekkta grenndarhagsmuni en auk þess ekki veitt hagsmunaaðilum fullnægjandi upplýsingar um áhrif þess. Málið allt hafi frá upphafi hlotið ranga meðferð innan Reykjavíkurborgar en hin kærða ákvörðun hefur þann eina tilgang að vinda ofan af þeirri málsmeðferð sem frá öndverðu var í fullu ósamræmi við lög. Er vísað til fyrri kærumáls vegna sömu lóðar og gagna málsins hvað það varðar. Að mati kæranda verði að horfa til málsins í heild sinni, frá því fyrstu hugmyndir koma upp um að gera breytingar á gildandi deiliskipulagi en á þeim grundvelli verði ekki hægt að komast að annarri niðurstöðu en að um sé að ræða breytingu sem ætti að hljóta málsmeðferð sem nýtt deiliskipulag, sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga.

Reykjavíkurborg byggir mat sitt, umfjöllun sína og samþykki á að um minniháttar breytingar sé að ræða frá áður samþykktu deiliskipulagi, sem að mati kæranda er ekki í samræmi við lög og hefur úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála úrskurðað þeim í vil varðandi það atriði, sjá fylgiskjöl.

## 2. Rangar upplýsingar og óskýr gögn

Þá byggja kærendingur á því að upplýsingar í kynningargögnum á tillögu að breyttu deiliskipulagi, sem hagsmunaaðilar fengu tækifæri á að andmæla og voru til grundvallar samþykki borgarráðs, hafi ekki verið fullnægjandi. Ekki var dregin upp raunsönn mynd af því sem deiliskipulagsbreytingin hafði í för með sér. Notað var tæknimál um að endurskilgreina bæri hvaðan vegghæð skuli reiknast án þess að nefna það berum orðum að um hækkun á húsinu væru um að ræða. Reiknast kærendingum til að við aukningu byggingarmagns vegna þessa „endurskilgreiningar“ hækki húsið um eina hæð. Upphaflegar takmarkanir á hæð hússins samkvæmt eldra skipulagi tryggði betra jafnvægi á götumynd og tryggði stallaða byggð niður hlíðina sem lágmarkar skuggamyndun á húsinu fyrir ofan. Bent er á í svari við athugasemd að húsið við Freyjubrunn 23 sé sambærilegt við hús númer 29 við sömu götu og er það mat kærendinga að það geti ekki verið rök í sjálfu sér því málið snýst um breytingar á deiliskipulagi við Freyjubrunn 23 og er eingöngu gert til að „leiðrétta“ eftirá mistök við útgáfu byggingarleyfis.

Að mati kærendinga hafi framsetning skipulagsgagna ekki verið skýr og í samræmi við kröfur 5.8.5.1 gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013. Með ákvæðinu er gerð sú krafa að þegar deiliskipulagi sé breytt skuli gera skýra grein fyrir í hverju breytingin felst, í greinargerð og á uppdrætti. Í þessu samhengi er m.a. bent á að þrátt fyrir að hin umdeilda breyting snúi aðeins að einni tiltekinni lóð, og varði framkvæmdir sem séu byrjaðar þá er m.a. mjög óljós ákvæði um hámarksvegghæð sem sé bundin ólíkum valkostum miðað við þakgerð og því ómögulegt að sjá hvað sé í reynd verið að heimila með deiliskipulagsbreytingunni.

Sem dæmi um óskýrleika í framsetningu tillögunnar frá Reykjavíkurborg má einnig nefna að ekki kom fram í kynningargögnum um deiliskipulagsbreytinguna að lóðarhafi væri að biðja um að gefin yrði eftir krafa skilmála um að hús skyldi fylgja bindandi byggingarlínu neðri hæðar. Hús skuli snerta hana. Þessar upplýsingar koma fram í gögnum sem liggja á vef Reykjavíkurborgar en voru ekki hluti af gögnum sem fylgdu deiliskipulagstillögubreytingunni sem nágrannar fengu, sjá viðauka. Þetta styður ennfremur fyrri málsástæðu kærendinga um að um meiriháttar breytingar á skipulagi sé að ræða því staða húss í götu hefur afgerandi áhrif á götumyndina og öryggi vegfaranda. Enn er óljóst hversu umfangsmikil þessi breyting er.

Almennt má segja að efnislegum athugasemdum borgarbúa er svarað með rangfærslum og lítið gert úr athugasemdum. Það er skýlaus krafa kærendinga að málsmeðferð á viðkvæmum málum eins og skipulagsmálum sé fagleg og byggð á staðreyndum.

Að mati kærendinga er framsetningin svo ruglingsleg, sér í lagi með hliðsjón af forsögu málsins, að kærendingum hafi ekki verið í reynd unnt að gæta að andmælarétti sínum við málsmeðferðina.




Er málsmeðferðin að mati kæranda í því samhengi ekki í samræmi við kröfur stjórnsluréttarins um vandaða stjórnsluhætti.

Með hliðsjón af öllu framanrituðu telja kærendur að hin kærða ákvörðun sé haldin slíkum annmörkum að ekki verði hjá því komist að fella hana úr gildi.

**Reykjavík, 28. september 2019**

Virðingarfyllst,



---

Jón Viggó Gunnarsson



---

Ástríður Elín Jónsdóttir

Meðfylgjandi eru eftirfarandi gögn:

- 1) Gögn Reykjavíkurborgar sem útlista afgreiðslu málsins og m.a. kemur fram upphafleg beiðni teiknistofu lóðarhafa (Mansard) um breytingar, en sú beiðni kom ekki fram í gögnum sem send voru til nágretta.
- 2) Úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 29 ágúst 2019 vegna kæru undirritaðra nr. 112/2018



## Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála

Árið 2019, fimmtudaginn 29. ágúst, kom úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála saman til fundar í húsnæði nefndarinnar að Skuggasundi 3, Reykjavík. Mættir voru Ómar Stefánsson varaformaður, Ásgeir Magnússon dómstjóri og Þorsteinn Þorsteinsson byggingarverkfræðingur.

**Fyrir var tekið mál nr. 112/2018, kæra á ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 17. ágúst 2017 um að endurútgefa byggingarleyfi fyrir þriggja hæða fjölbýlishúsi ásamt geymslu- og bílageymslukjallara á lóðinni nr. 23 við Freyjubrunn.**

Í málinu er nú kveðinn upp svofelldur

### úrskurður:

Með bréfi til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 29. ágúst 2018, er barst nefndinni sama dag, kæra Ástríður Elín Jónsdóttir og Jón Viggó Gunnarsson, Freyjubrunni 25-27, þá ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 17. ágúst 2017 að endurútgefa byggingarleyfi fyrir þriggja hæða fjölbýlishúsi ásamt geymslu- og bílageymslukjallara á lóðinni nr. 23 við Freyjubrunn. Verður að skilja málatilbúnað kæranda svo að þess sé þess krafist að ákvörðunin verði felld úr gildi.

Gögn málsins bárust úrskurðarnefndinni frá Reykjavíkurborg 12. september 2018 og 26. mars 2019.

**Málavextir:** Á fundi borgarráðs Reykjavíkur 18. janúar 2007 var staðfest afgreiðsla byggingarfulltrúa frá 16. s.m. um að samþykkja umsókn um leyfi til að byggja þriggja hæða fjölbýlishús ásamt geymslu- og bílageymslukjallara á lóðinni nr. 23 við Freyjubrunn. Takmarkað byggingarleyfi var gefið út 31. júlí s.á. og hófust framkvæmdir í kjölfar þess. Byggingarleyfið var síðan gefið út 24. september s.á. en framkvæmdir stöðvuðust á árinu 2008.

Hinn 30. maí 2017 höfðu kærendur samband við Reykjavíkurborg þar sem þau höfðu fengið fregnir af því að hefja ætti byggingu á þriggja hæða húsi við Freyjubrunn 23 og töldu þau fyrirhugaða framkvæmd stangast á við deiliskipulag. Hið útgefna byggingarleyfi frá 2007 var svo endurútfelld 17. ágúst 2017 og hófust framkvæmdir á lóðinni um haustið. Skipulagsfulltrúi veitti hinn 29. s.m. umsögn um fyrirspurn varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 23 við Freyjubrunn þar sem m.a. kom fram að samþykktar teikningar væru ekki í samræmi við gildandi deiliskipulag. Töluverð tölvupóstsamskipti áttu sér stað á milli kæranda og Reykjavíkurborgar næstu mánuði þar sem kærendur voru ítrekað upplýstir um að verið væri að vinna í málinu. Hinn 2. ágúst 2018 var kærendum tilkynnt að ekki yrði aðhafst frekar í málinu og að eigendur Freyjubrunns 23 hefðu í höndunum útgefið byggingarleyfi og framkvæmdu í samræmi við það. Kæra í máli þessu barst úrskurðarnefndinni sem fyrr segir 29. ágúst s.á.

**Málsrök kæranda:** Kærendur benda á að hið kærða byggingarleyfi samræmist ekki deiliskipulagi. Fyrirhuguð bygging verði of há og skerði útsýni og birtu verulega gagnvart nærliggjandi húsum. Hinn 19. september 2017 hafi kærendur farið ásamt lögmanni sínum á fund með starfsmanni skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar. Á þeim fundi hafi fulltrúar

umhverfis- og skipulagssviðs verið sammála kærendum um að útgefið byggingarleyfi væri ekki í samræmi við deiliskipulag. Þessi afstaða hafi síðar verið staðfest í formlegu svari umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 29. september 2017, við fyrirspurn leyfishafa um breytingar á húsi að Freyjubrunni 23.

**Málsrök Reykjavíkurborgar:** Af hálfu borgaryfirvalda er farið fram á að málinu verði vísað frá úrskurðarnefndinni. Fyrir liggir að upphaflegt byggingarleyfi hafi verið gefið út árið 2007 og endurnýjað 17. ágúst 2017. Kærendum, sem séu íbúar í næsta húsi við Freyjubrunn 23, hafi verið kunnugt um yfirstandandi framkvæmdir til lengri tíma. Fram komi í kærinni að þeir hafi fundað með skipulagsfulltrúa 19. september 2017 vegna byggingarleyfisins. Í það minnsta megi gera ráð fyrir því að full vitneskja hafi verið um tilvist þess frá þeim tíma. Samt sem áður hefðu kærundur ekkert aðhafst í því að kæra útgáfu þess fyrir en 29. ágúst 2018, 377 dögum eftir útgáfu þess. Kærundur hafi beint samtali sínu að embætti sem ekkert hafi með útgáfu leyfisins að gera og hafi engar stjórnsýslulegar heimildir vegna byggingarmála. Hafa verði í huga að kærundur hafi notið aðstoðar lögmanns. Alla jafna megi geri strangari kröfur til lögmanna, sem séu sérfróðir um kæruleiðir og kærufresti stjórnsýslumála.

**Athugasemdir leyfishafa:** Af hálfu leyfishafa er bent á að kærufrestur sé liðinn vegna ákvörðunar byggingarfulltrúa Reykjavíkur um að endurútgefa byggingarleyfi 17. ágúst 2017. Af gögnum málsins megi ráða að kærendum hafi verið kunnugt um útgáfu þess a.m.k. frá 19. september s.á. Þegar þeir hafi farið ásamt lögmanni til fundar við starfsmann umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar. Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála sé kærufrestur einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um kærða ákvörðun. Engar forsendur séu til þess að miða upphaf kærufrests við annað og síðara tímamark en 19. september 2017 enda komi afdráttarlaust fram í kæru að kærendum hafi verið fullkunnugt um útgáfu byggingarleyfisins við framangreint tímamark.

Órökstuddar vangaveltur þáverandi starfsmanns umhverfis- og skipulagssviðs þess efnis að byggingarleyfi samræmist ekki gildandi deiliskipulagi svæðisins breyti engu um upphaf kærufrestsins. Þær vangaveltur starfsmannsins hafi heldur ekki átt við nokkur rök að styðjast, sem endurspeglar í þeirri staðreynd að gilt og útgefið byggingarleyfi hafi aldrei verið afturkallað eða felld úr gildi af byggingarfulltrúa. Utgefið byggingarleyfi sé í fullu samræmi við 13. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki, gr. 2.4.4. í byggingarreglugerð nr. 112/2012 og gildandi skipulagsáætlanir. Ekkert hafi komið fram í málinu sem bendi til þess að málsmeðferð Reykjavíkurborgar við útgáfu leyfisins sé haldin einhverjum annmörkum sem varðað geti ógildingu ákvörðunarinnar.

**Niðurstaða:** Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 er kærufrestur til úrskurðarnefndarinnar einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um þá ákvörðun sem kæra lýtur að. Hið kærða byggingarleyfi var endurútgefið 17. ágúst 2017 en af gögnum málsins má ráða að kærendum hafi í síðasta lagi verið kunnugt um útgáfu þess á fundi með fulltrúum borgaryfirvalda 19. september s.á. Kæra í máli þessu barst úrskurðarnefndinni hins vegar 29. ágúst 2018 eða rúmum 11 mánuðum síðar.

Í 28. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 segir að hafi kæra borist að liðnum kærufresti skuli vísa henni frá nema afsakanlegt verði talið að kæraran hafi ekki borist fyrir eða veigamiklar ástæður mæli með því að kæraran verði tekin til meðferðar. Fyrir liggur í gögnum málsins að eftir fyrirnefndan fund 19. september 2017, þar sem sú afstaða mun hafa komið fram af hálfu fulltrúa umhverfis- og skipulagssviðs að byggingarleyfið ætti sér ekki stoð í deiliskipulagi, áttu sér stað

talsverð samskipti á milli kæranda og borgaryfirvalda þar sem kærendur voru ítrekað upplýstir um að verið væri að vinna í málinu. Er það ekki fyrir en 2. ágúst 2018 sem kærendur eru upplýstir af starfsmanni umhverfis- og skipulagssviðs um að ekki verði aðhafst frekar í málinu. Telja verður að undantekningarákvæði 28. gr. stjórnsýslulaga eigi hér við og að afsakanlegt verði talið að kæra hafi ekki komið fyrir fram í málinu. Verður það því tekið til efnismeðferðar.

Samkvæmt 11. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki skulu aðaluppdrættir byggingarleyfis uppfylla ákvæði laganna og reglugerða sem settar hafa verið á grundvelli þeirra. Á grundvelli ákvæðisins tilkynnir leyfisveitandi umsækjanda um samþykkt byggingaráforma enda sé fyrirhuguð mannvirkjagerð í samræmi við skipulagsáætlanir á viðkomandi svæði. Skal útgefið byggingarleyfi vera í samræmi við skipulagsáætlanir, sbr. 1. tl. 1. mgr. 13. gr. laganna.

Á svæðinu gildir deiliskipulag Úlfarsárdals sem tók gildi 19. febrúar 2018. Í skilmálatöflu sem hefur að geyma sérskilmála fyrir hverja lóð á skipulagssvæðinu kemur fram að heimilað sé að reisa tveggja og hálfra hæðar hús á lóðinni Freyjubrunni 23 auk bílageymsluhæðar, en sömu skilmála var að finna í eldra deiliskipulagi. Þegar um tveggja og hálfra hæða fjölbýlishús sé að ræða takmarkist byggingarmagn íbúðarhæða við 2,5 x grunnflöt byggingarreits. Hið kærða byggingarleyfi heimilar byggingu þriggja hæða fjölbýlishúss ásamt geymslu- og bílageymslukjallara. Grunnflötur byggingarreits lóðarinnar er 251,75 m<sup>2</sup> og er því leyfilegt flatarmál íbúðarhæða 629,4 m<sup>2</sup>. Samkvæmt samþykkttri skráningartöflu verður byggingarmagn íbúðarhæða 559,4 m<sup>2</sup> og er því innan leyfilegs byggingarmagns samkvæmt deiliskipulaginu.

Í skilmálum deiliskipulagsins kemur fram að fjölbýlishús verði almennt 2-5 íbúðarhæðir auk bílageymsluhæðar. Hámarksvegghæð þriggja hæða bygginga sé 9,5 m yfir viðmiðunarkóta aðkomuhæðar (KA) ef þök séu flöt. Ef þök séu hallandi sé hámarkshæð þriggja hæða bygginga 11,0 m. Sjá má á samþykktum teikningum fyrir Freyjubrunn 23 að hámarkshæð byggingarinnar mun verða 13,45 m miðað við kóta aðkomuhæðar.

Með hliðsjón af framangreindu er hið kærða byggingarleyfi ekki í samræmi við skilmála gildandi deiliskipulags um hámarkshæð húsa, svo sem áskilið er í 11. gr., sbr. 1. tl. 1. mgr. 13. gr., laga um mannvirki og verður það af þeim sökum fellt úr gildi.

Uppkvaðning úrskurðar í máli þessu hefur dregist sökum mikils fjölda og umfangs mála sem skotið hefur verið til úrskurðarnefndarinnar.

#### Úrskurðarorð:

Ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 17. ágúst 2017, um að endurútgefa byggingarleyfi fyrir þriggja hæða fjölbýlishúsi ásamt geymslu- og bílageymslukjallara á lóðinni nr. 23 við Freyjubrunn, er felld úr gildi.

Ómar Stefánsson (sign)

Ásgeir Magnússon (sign)

Þorsteinn Þorsteinsson (sign)





Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 3. júlí 2019 varðandi eftirfarandi mál.

### **Freyjubrunnur 23**

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Jóns Hrafns Hlöðverssonar dags. 18. september 2018 um breytingu á deiliskipulagi að Freyjubrunni 23. Í breytingunni felst m.a. að fjölga íbúðum úr fimm í átta og auka byggingarmagn, samkvæmt uppdr. Mansard teiknistofu dags. 31. janúar 2019. Einnig er lagt fram bréf Mansard teiknistofu dags. dags. 18. september 2018 og bréf borgarlögmanns dags. 5. september 2018. Jafnframt er lagt fram bréf Mansard teiknistofu ehf. dags. 29. ágúst 2018 mótt. 23. nóvember 2018. Tillagan var auglýst frá 27. mars 2019 til og með 8. maí 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Hildur Eyjólfsdóttir dags. 21. apríl 2019, Ástríður Elín Jónsdóttir og Jón Viggó Gunnarsson dags. 6. maí 2019, Jón Viggó Gunnarsson, Guðrún B. Ægisdóttir og Sandra Júlí Berndburg f.h. Húsfélagsins Freyjubrunni 25-27 dags. 8. maí 2019 og Hafliði Páll Guðjónsson, Ámunda Baldursdóttir, Pálmi Franklín Guðmundsson og Guðrún Ása Hjálmtýsdóttir dags. 8. maí 2019. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dag. 28. júní 2019.

*Samþykkt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 28. júní 2019.  
Vísað til borgarráðs.*

*Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins bókar:*

*Miðflokkurinn hefur á fyrri stigum málsins bókað að afar óheppilegt sé, að téð umsókn um breytingu deiliskipulags og útgáfa nýs byggingaleyfis þar sem íbúðum er fjölgað úr 5 í 8 ofl. sé yfirhöfuð tekin til meðferðar meðan mál vegna áður útgefins byggingaleyfis er til meðferðar hjá Úrskurðarnefnd umhverfis og auðlindamála.*

*Mögulega neikvæður úrskurður ÚUA yrði þannig marklaus.*

*Ljóst er að mistök voru gerð við útgáfu byggingaleyfis á sínum tíma og á það var bent af íbúum. Mistök eru partur af lífinu, hvernig unnið er úr þeim skiptir öllu máli. Rétt viðbrögð hefðu verið að draga til baka áður útgefið byggingarleyfi, harma mistökin og láta gildandi deiliskipulag halda sér.*


*Það var ekki gert. Þess í stað var farið í þá vegferð að breyta deiliskipulagi og athugasemdir íbúa þannig virtar að vettugi.*

*Að teknu tilliti til forsögunnar leggst Miðflokkurinn alfarið gegn afgreiðslu málsins.*

*Mistök borgarinnar eiga aldrei að vera á kostnað íbúa.*

*Baldur Borgþórsson;*

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs



Björgvin Rafn Sigurðarson

Fylgiskjöl: uppdr. Mansard teiknistofu dags. 31. janúar 2019, bréf Mansard teiknistofu ehf. dags. 29. ágúst 2018 mótt. 23. nóvember 2018, innsendar athugasemdir, og umsögn skipulagsfulltrúa dag. 28. júní 2019.



Reykjavíkurborg  
Umhverfis- og skipulagssvið  
Skipulagsfulltrúi

**Formlegar athugasemdir vegna breytinga á deiliskipulagi vegna lóðarinnar nr. 23 við Freyjubrunn.**

Með vísan í bréf ykkar frá 16. febrúar þar sem óskað er eftir umsögn um breytingar á deiliskipulagi vegna lóðarinnar nr. 23 við Freyjubrunn viljum við undirrituð, gera eftirfarandi athugasemdir:

- 1) Við gerum athugasemdir við að fjölga eigi íbúðum í húsinu úr 5 í 8. Ekki er gert ráð fyrir aukningu á bílastæðum og vandséð hvernig koma mætti því við. Þar sem þétt er byggt má gera ráð fyrir að skortur verði á bílastæðum með óþægindum í för með sér og aukinni slyshættu. Gera má ráð fyrir að íbúar leggi bílum sínum við Freyjutorg, Freyjubrunn eða Gefjunarbrunn, í auknu mæli eða í kringum húsið eins og sjá má á meðfylgjandi myndum. Nú þegar er komið reynsla á hvernig lagt er í götunni þegar ekki eru til staðar stæði en starfsmenn byggingarfyrirtækis sem er með hús í byggingu í götunni leggja alla jafna eins og sjá má þegar bílastæði á borgarlandi eru ekki til staðar. Vegna legu hússins í götunni myndast blindhorn við Freyjubrunn og Gefjunarbrunn og þarf því að gæta sérstaklega að umferðaröryggi á umræddu horni. Eins og staðan er núna eru bílastæði í borgarlandi fullnýtt og því vandséð hvernig megi rökstyðja fjölgun íbúða.



- 2) Við gerum athugasemdir við aukið byggingarmagn á lóðinni og staðsetningu húss á lóðinni, því nógu þröngt er um húsin á svæðinu þó ekki verði bætt í. Lega hússins á lóðinni er of framarlega eins og sjá má á uppdrætti í deiliskipulagi og stendur húsið miklu framar en Freyjubrunnur 25-27



og Freyjubrunnur 21 sem skapar eins og áður er sagt blindhorn og skekkir samræmd götumyndar, eins og sjá má á uppdrætti í deiliskipulagi og meðfylgjandi mynd hér að neðan.



- 3) Það veldur okkur sem íbúum í hverfinu miklum vonbrigðum og við gerum athugasemd við að á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 20. febrúar 2018 og í borgarráði Reykjavíkur þann 7. mars 2019 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi að Freyjubrunni 23, þar sem þessari eða sambærilegri tillögu hefur áður verið hafnað á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. september 2017. Einnig má sjá úr fundargerð skipulagsfulltrúa, sem er meðfylgjandi og merkt sem viðauki 1, að gerðar eru athugasemdir við hæð hússins og efasemdir hafðar uppi um að byggingarleyfi sé í samræmi við deiliskipulag. Við skiljum stefnu borgarinnar að svara eftirspurn eftir minni íbúðum en það getur ekki verið lausn að fara á svig við deiliskipulag og stefna umferðar- og íbúaöryggi í hættu með því að breyta eftir á. Með því að samþykkja að auglýsa þessa breytingu þá er ljóst að skipulagsyfirvöld borgarinnar eru ekki að vinna í þágu borgarbúa og lætur velferð og öryggi í annað sætið á eftir hagsmunum byggingarverktaka.
- 4) Við gerum athugasemdir við hæð hússins að Freyjubrunni 23 og fyrirhugaða hækkun á húsinu frá því sem áður hefur verið samþykkt og auglýst vegna mikillar útsýnisskerðingar hjá íbúum ofar í hverfinu, sem og ósamræmis við nærliggjandi byggð. Úr umsögn skipulagsfulltrúa við fyrirhugaðri fjölgun íbúða úr 5 í 8, sem tekin var fyrir á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. september 2017 má lesa:

*“Gildandi deiliskipulag kveður á um að húsið geti verið 3H – 3 hæðir að meðtaldri bílageymslu, en á uppdrætti er bókstafurinn H útskýrður sem „fjöldi hæða að kjallara meðtöldum“. Á öðrum stað á uppdrættinum er útskýrt hvað B0 þýðir – en á lóð Freyjubrunnar 23 stendur 5 B0 sem þýðir bílageymsla jarðhæð og 5 stæði.*

*Óskað er eftir því að fjölga íbúðum í húsi og bílastæðum, en telja jafnframt bílastæði í borgarlandi sem hluti af bílastæðabókhaldi til að uppfylla kröfur vegna fjölgunar íbúða.*

*Ekki er heimilt að telja bílastæði á borgarlandi sem hluti af bókhaldi einstakra fjölbýlishúsalóða og því er tekið neikvætt í umsóknina.*

***Enn frekar er bent á að samþykktar teikningar samræmast ekki deiliskipulagsskilmálum hverfisins – varðandi hæðir hússins og er því beint til byggingarfulltrúa að endurskoða byggingarleyfið, húsið er of hátt og samræmist ekki gildandi deiliskipulagi.“***

Af þessu má ráða að núgildandi byggingarleyfi er ógilt og óljóst hvernig byggingaraðili getur haldið áfram að byggja. Af samantekt lóðarhafa Freyjubrunnar 23, Mánalind ehf, sem dagsett eru 1. mars 2018 má ráða að töluverður vandræðagangur hefur verið innan borgarinnar með þetta mál og má af breytingatillögu þessari ráða að það sé verið að redda hlutunum eftir á til að lágmarka tjón borgarinnar á kostnað íbúa. Ljóst er að lóðarhafi telur sig hafa orðið fyrir miklu tjóni og áskilur sér rétt til að krefja borgina um bætur. Meðfylgjandi er umrædd samantekt í viðauka 2.

Málið endaði á borði lögmanns Umhverfis- og skipulagssviðs og borgarlögmanns sem úrskurða að vandséð er hvernig borgin geti tekið aftur byggingarleyfi sem úthlutað hefur verið og mun því ekki aðhafast neitt í málinu, þrátt fyrir augljós mistök. Í óformlegum samtölum við embættismenn borgarinnar á umhverfis- og skipulagssviði er talið að málið hafi fengið þessa afgreiðslu vegna yfirvofandi skaðabótakröfu lóðarhafa og væntanlegt tjón yrði minna ef íbúar í nágrenni kæra. Sjá hér að neðan tölvupóst frá lögmanni Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur til lögmannna undirritaðra.

**Frá:** Björgvin Rafn Sigurðarson <[Bjorgvin.Rafn.Sigurdarson@reykjavik.is](mailto:Bjorgvin.Rafn.Sigurdarson@reykjavik.is)>  
**Sent:** fimmtudagur, 2. ágúst 2018 12:40  
**Til:** Unnsteinn Elvarsson <[unnsteinn@defacto.is](mailto:unnsteinn@defacto.is)>  
**Efni:** SV: Freyjubrunnur 23

Sæll Unnsteinn,

Málefni Freyjubrunns 23 hafa verið til skoðunar á Umhverfis- og skipulagssviði, sem og af hálfu borgarlögmanns. Ekki verður aðhafast frekar í þessu máli. Bent er á að eigendur Freyjubrunns 23 hafa í höndunum útgefið byggingarleyfi og framkvæma í samræmi við það.

kveðja/best regards,  
Björgvin Rafn Sigurðarson, lögmaður.  
Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur.  
Borgartún 12 - 14, 105 Reykjavík.

---

Allar upplýsingar sem fram koma í þessum tölvupósti, og öllum viðhengjum hans, eru aðeins ætlaðar tilgreindum viðtakanda. Öllum öðrum er óheimill aðgangur að þessum tölvupósti. Ef þú ert ekki sá aðili sem tölvupósturinn er ætlaður er þér óheimilt að upplýsa um hann, afrita hann, dreifa honum eða framkvæma einhverjar aðgerðir eða láta vera að framkvæma einhverjar aðgerðir á grundvelli hans og slíkt kann að vera ólöglegt.

---

This e-mail is intended solely for the person or entity to which it is addressed and may contain confidential and/or privileged information.

---

Þessi málatilbúnaður var kærður til Úrskurðunarnefnd umhverfis- og auðlindamála en þar var kærð útgáfu byggingarleyfis á lóðinni Freyjubrunnur 23, 113 Reykjavík og málsmeðferð umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, sjá meðfylgjandi afrit af bréfi sem afhent var í móttöku nefndarinnar, Skuggasundi 3, 29. ágúst sl. Kærumálið er nr. 112/2018 Freyjubrunnur 23. Sjá má kærana í viðauka 3.

Allur málatilbúnaður borgarinnar og vinnubrögð hafa valdið okkur miklum vonbrigðum. Það er óþarfi að orðlengja þetta umfram það sem komið hefur fram og er rakið í kæru okkar, sjá viðauka nr 3.

Við kaup á eign okkar að Freyjubrunni 25-27 skoðuðum við sérstaklega hæð á fyrirhugaðri byggingu á lóðinni að Freyjubrunni 23 eins og það kom fram í deiliskipulagi. Okkar niðurstaða á kaupum var byggð á þeim gögnum sem lágu fyrir sem var að útsýni myndi ekki skerðast verulega ef unnið væri innan gildandi samþykks deiliskipulags. Við áskiljum okkur allan rétt á að leita réttar okkar fyrir dómstólum og sækja skaðabætur.

Telji umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar enn að bygging Freyjubrunnar 23 samræmast deiliskipulagi viljum við fá útskýringar á hvernig það sér fyrir sér áhrif þessara breytinga á nærumhverfi. Stærð bygginga, fjöldi íbúða og notkun borgarlands undir bílastæði hljóta að þurfa að vera í samræmi við lóðastærð; því stærri bygging því meira rými fyrir bílastæði, torg og fjarlægð frá næstu húsum. Í kynningu á deiliskipulagi er ekki hægt að finna neinn rökstuðning fyrir breytingu á deiliskipulagi aðra en þá að laga deiliskipulag að útgefnu byggingarleyfi, sem gögn sýna að var handvömm skipulagsyfirvalda. Vekur það upp spurningar okkar sem íbúa í borginni hverjar ástæður liggja baki því að borgaryfirvöld - sem hér virðast ganga beina byggingaverktaka – gefi sér afslátt á þeirri grundvallar lagakröfu í almennri stjórnsýslu að rökstyðja breytingar á deiliskipulagi. Ef menning borgarinnar í skipulagsmálum er orðin sú að talið sé í lagi að kröfur deiliskipulags er sveigð á þann hátt sem fyrirhugaðar eru hér - til að laga mistök á kostnað gæða umhverfis (öryggis og umhverfisgæða) í hverfum borgarinnar - þá eru það vegferð sem verður okkur dýr til framtíðar. Við óskum því eftir að breytingatillögunni verði hafnað og byggingarleyfi afturkallað.

Með vinsemd og virðingu

Jón Viggó Gunnarsson  
Ástríður Elín Jónsdóttir  
Freyjubrunni 25-27  
113 Reykjavík

## Viðauki 1 – Úr fundargerð embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa 8. september 2017



Reykjavík 29.09. 2017 (BSS)

### Varðar: Freyjubrunnur 23

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. september 2017 var lögð fram fyrirspurn Jóns Hrafn Hlöðverssonar, mótt. 30. ágúst 2017, um að breyta deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 23 við Freyjubrunn sem felst í að fjölga íbúðum úr 5 íbúðum í 8 íbúðir, auka byggingarmagn um 10 m<sup>2</sup> til samræmis við samþykkt aðaluppdrætti frá 27. mars 2007 og endurúttefið byggingarleyfi frá 17. ágúst 2017 og fjölga bílastæðum um 2 stæði, samkvæmt uppdr. Mansard - teiknistofu ehf., dags. 28. ágúst 2017. Einnig er lagt fram bréf hönnuðar, dags. 29. ágúst 2017.

### skipulag:

Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 og deiliskipulag fyrir Úlfarsárdal samþykkt í skipulagsráði 25.01.2006



deiliskipulag í gildi

### Umsögn:

Gildandi deiliskipulag kveður á um að húsið geti verið 3H – 3 hæðir að meðtaldri bílageymslu, en á uppdrætti er bókstafurinn H útskýrður sem „fjöldi hæða að kjallara meðtöldum“. Á öðrum stað á uppdrættinum er útskýrt hvað B0 þýðir – en á lóð Freyjubrunnar 23 stendur 5 B0 sem þýðir bílageymsla jarðhæð og 5 stæði.

Óskað er eftir því að fjölga íbúðum í húsi og bílastæðum, en telja jafnfram bílastæði í borgarlandi sem hluti af bílastæðabókhaldi til að uppfylla kröfur vegna fjölgunar íbúða.

Ekki er heimilt að telja bílastæði á borgarlandi sem hluti af bókhaldi einstakra fjölbýlishúsalóða og því er tekið neikvætt í umsóknina.

Enn frekar er bent á að samþykktar teikningar samræmast ekki deiliskipulagsskilmálum hverfisins – varðandi hæðir hússins og er því beint til byggingarfulltrúa að endurskoða byggingarleyfið, húsið er of hátt og samræmist ekki gildandi deiliskipulagi.

### niðurstaða:

neikvætt er tekið í fyrirspurn um breytingu á deiliskipulagi

f.h. skipulagsfulltrúans í Reykjavík.  
Borghildur Sölvey Sturludóttir arkitekt



## Viðauki 2 – Samantekt lóðarhafa á samskiptum við borgina.

### Freyjubrunnur 23 - samantekt á samskiptum við Reykjavíkurborg vegna byggingarleyfis

Mánalind ehf. er lóðarhafi lóðarinnar Freyjubrunnur 23 (Inr. 205731) og handhafi byggingarleyfis sem upphaflega var gefið út árið 2006, endurútféfið árið 2007 og haustið 2017. Framkvæmdir hófust upphaflega á lóðinni árið 2007, þ.e. jarðvinna og uppsteypa sökkla. Á grundvelli byggingarleyfisins, sem gefið var endurútféfið á grundvelli samþykktra teikninga og gildandi deiliskipulags, og í trausti þess að byggingarleyfið væri réttilega afgreitt af Reykjavíkurborg, hóf Mánalind ehf. að nýju framkvæmdir við byggingu fjölbýlishúss á lóðinni síðastliðið haust.

Hinn 26. október 2017 var Mánalind ehf. upplýst óformlega um þá afstöðu umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar af verkefnisstjóra skipulagsfulltrúa, að efni stæðu til þess að afturkalla útféfið byggingarleyfi Mánalindar ehf. þar sem fyrirhugað mannvirki samræmdist ekki skilmálum deiliskipulags svæðisins.

Fulltrúar Mánalindar ehf. mættu til fundar við verkefnisstjóra skipulagsfulltrúa og lögfræðing umhverfis og skipulagssviðs þann 30. október 2017.

Á fundinum gerðu fulltrúar Reykjavíkurborgar grein fyrir þeirri skoðun embættisins, að ástæða kunnri að vera til þess að afturkalla nýútféfið byggingarleyfi á lóðinni þar sem það samræmist ekki skilmálum deiliskipulags svæðisins þar sem mannvirkið væri of hátt. Vísaðu fulltrúar borgarinnar einkum til skipulagsuppráttar, en gátu ekki gefið neinar skýringar á því hvers vegna byggingarleyfi hefðu fram til þessa miðast við aðrar og hærri byggingar en nú væru taldar samræmast skipulagsskilmálum.

Á fundinum lýstu fulltrúar Mánalindar ehf. eindregið ósammála nýrri túlkun borgarinnar á skilmálum skipulagsins og furðu sinni á því að teikningar hafi þegar verið samþykktar og byggingarleyfi gefið út í þrígang vegna framkvæmdarinnar sem þegar væri hafin. Áskildu fulltrúar félagsins sér allan rétt gagnvart Reykjavíkurborg vegna yfirvofandi tafa á verkefninu, en upplýstu jafnframt að félagið kæmi til með að gera allt sem í þess valdi stæði til þess að lágmarka fjártjón vegna tafa á meðan reynt yrði að leysa úr málinu, s.s. með því að ráðstafa starfsmönnum í önnur verkefni.

Með tölvupósti, dags. 2. nóvember 2017, framsendi verkefnisstjóri skipulagsfulltrúa tölvupóst skipulagshöfunda til fulltrúa Mánalindar ehf., þar sem lýst er skilningi skipulagshöfunda á byggingarheimildum lóðanna Freyjubrunnur 23, 29, 31 og 33. Af tölvupóstinum að dæma hefur Reykjavíkurborg gefið út byggingarleyfi fyrir hærri byggingum en heimildir skipulagsins mæla fyrir um.

Fulltrúar Mánalindar ehf. hafa aftur á móti lagt áherslu á að núgildandi byggingarleyfi eigi sér fullnægjandi stoð í greinargerð deiliskipulagsins, auk þess sem það sé í fullu samræmi við þau mannvirki sem risið hafa á aðliggjandi lóðum.

Í kjölfar fundarins sendu fulltrúar Mánalindar ehf. óformlega tillögu að breytingu á mannvirkinu, vegna framkominna athugasemda Reykjavíkurborgar um ósamræmi í deiliskipulagi hverfisins, og var sérstaklega tekið fram að í tillögunni fælist ekki nokkur viðurkenning byggingarleyfishafa á því að gildandi byggingarleyfi væri háð annmörkum. Hafði fulltrúum Reykjavíkurborgar jafnframt verið gerð ítarleg grein fyrir að yrði tillagan að veruleika yrði Mánalind ehf. fyrir auknum kostnaði sem borgin yrði að bæta félaginu, enda bæri Reykjavíkurborg ábyrgð á útgáfu eldra byggingarleyfis og þeim framkvæmdum sem þegar væru hafnar.

Með tölvupósti 13. nóvember 2017 upplýsti verkefnisstjóri skipulagsfulltrúa að tillagan hefði verið borin óformlega undir afgreiðslufund embættisins og fengið jákvæð viðbrögð. Óskaði verkefnisstjórinn jafnframt eftir upplýsingum um kostnaðarliði félagsins vegna breytinganna.

Hinn 6. febrúar sl. mættu fulltrúar Mánalindar ehf. til fundar við skipulagsfulltrúa og verkefnisstjóra embættisins vegna málsins. Á fundinum lagði félagið fram yfirlit um kostnaðarauka þess vegna tillögu þess að breytingum á mannvirkinu sem nemur um 30 milljónum króna. Fóru fulltrúar félagsins fram á að Reykjavíkurborg upplýsti um það hvort borgin teldi mögulegt að breyta skilmálum skipulagsins til samræmis við tillöguna og ef svo væri um aðferðafræði og málsmeðferðartíma slíkrar breytingar. Jafnframt var afdráttarlaust tekið fram, að tillagan væri háð því að Reykjavíkurborg bætti félaginu að fullu þann kostnaðarauka sem það yrði fyrir vegna breytingarinnar, en að öðrum kosti ætti það ekki annan kost en að láta reyna á rétt félagsins samkvæmt núgildandi byggingarleyfi.

Á fundinum upplýsti skipulagsfulltrúi, að nauðsynlegt væri að taka upp viðræður við skrifstofu eigna og atvinnuþróunar vegna kostnaðaraukans, en skipulagssvið hafi ekki forsendur til að taka afstöðu til hans. Skipulagsfulltrú staðfesti að embættið kæmi á sambandi á milli Mánalindar ehf. og SEA vegna málsins og að boðað yrði til fundar vegna málsins fljótlega.

Fulltrúar Mánalindar ehf. lögðu mikla áherslu á það á fundinum, að málinu verði að ljúka sem fyrst þar sem áframhaldandi tafir á verkefninu munu leiða til enn frekari kostnaðarauka fyrir félagið og þar með borgina.

Fulltrúi Mánalindar ehf. grennslaðist fyrir um stöðu málsins með tölvuskeyti til verkefnisstjóra skipulagsfulltrúa þann 16. febrúar sl. og að nýju þann 23. febrúar sl. þar sem engin viðbrögð höfðu borist frá embættinu eða skrifstofu eigna og atvinnuþróunar. Samdægurs kvaðst starfsmaður skrifstofu eigna og atvinnuþróunar munu boða fulltrúa Mánalindar ehf. til fundar vegna málsins.

/ 1. mars 2018



### Viðauki 3 – Kæra umsagnaraðili til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála

Úrskurðunarnefnd umhverfis- og auðlindamála  
Skuggasundi 3  
101 Reykjavík

29. ágúst 2018

Við undirrituð viljum kæra ákvörðun byggingafulltrúa Reykjavíkurborgar um útgáfu byggingarleyfis, dags. 24. september 2007, síðar endurútféið 17. ágúst 2017, á lóðinni Freyjubrunnur 23, 113 Reykjavík, þar sem það samræmist ekki deiliskipulagi. Við höfum verið í samskiptum við Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar vegna misræmis á útfefnu byggingarleyfi og deiliskipulagi, byggingin er of há og skerðir útsýni og birtu verulega nærliggjandi húsa.

Þann 2. ágúst s.l. fengum við tilkynningu frá lögmanni Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, Björgvini Rafni Sigurðarsyni um að Reykjavíkurborg og Borgarlögmaður ætla ekki að aðhafast í málinu. Því er okkur nauðugur einn kostur að kæra málsmeðferðina og útgáfu ofangreinds byggingarleyfis.

Mikilvægt er að úrskurður verði unnin eins fljótt og kostur er þar sem bygging hússins er í gangi, til að koma í veg fyrir frekara tjón.

Hjálagt eru eftirfarandi gögn:

- Afrit af pósti frá Björgvini Rafni Sigurðarsyni um aðgerðaleyfi Reykjavíkurborgar í málinu dagsettur 02.08.2018.
- Afrit af takmörkuðu byggingarleyfi dagsett 27. júlí 2007
- Afrit af byggingarleyfi dagsett 24. september 2007
- Afrit af byggingarleyfi dagsett 17. ágúst 2017
- Byggingarsaga Freyjubrunnur 23, útféið af skipulags- og byggingarsviði Reykjavíkurborgar.
- Fundargerð Umhverfis- og skipulagssviðs dagsett 29.09.2017 þar sem afstaða Umhverfis- og skipulagssviðs til byggingarleyfis fyrir lóðina að Freyjubrunni 23 er staðfest. Tekið var fyrir erindi Jóns Hrafns Hlökkverssonar um breytingar á deiliskipulagi fyrir lóðina að Freyjubrunni 23.

Forsaga máls.

19. september 2017 kl. 13:00 fórum við undirrituð, ásamt lögmanni okkar Unnsteini Elvarssyni og hittum fyrir Borghildi Sölvey Sturludóttur við annan mann. Þar var farið yfir málið og voru fulltrúar skipulagssviðs sem sátu fundinn sammála um að útféið byggingarleyfi væri ekki í samræmi við deiliskipulag. Þessi afstaða staðfestist síðar í formlegu svari umhverfis- og skipulagssviðs dags. 29.9.2017 sem sent er Jóni Hrafni sem svar við beiðni um breytingar á húsi við Freyjubrunn 23.

Við tóku samskipti við umhverfis- og skipulagssvið um aðgerðir og næstu skref. Erfiðlega gekk að fá haldbær svör en endanlegt svar um aðgerðarleysi borgarinnar barst 2. ágúst 2018 í tölvupósti frá Björgvini Rafni Sigurðarsyni. Þar kemur fram að málefni Freyjubrunns hafi verið til skoðunar á umhverfis- og skipulagssviði sem og af hálfu borgarlögmanns. Þar kemur einnig fram að þessir aðilar ætli ekki að aðhafast neitt í þessu máli þar sem eigendur Freyjubrunns 23 hafi í höndum útféið byggingarleyfi og framkvæmi í samræmi við það.

Ef úrskurðunarnefnd umhverfis- og auðlindamála þarf ítarlegri gögn yfir samskipti undirritaðra við umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar, sendast þau um hæl.  
Virðingarfyllst,

Ástríður Elín Jónsdóttir kt. 071067-5809  
Freyjubrunni 25-27, 113 Reykjavík,

Jón Viggó Gunnarsson, kt. 011069-5339  
Freyjubrunni 25-27, 113 Reykjavík,

---

---



Reykjavík 08.05.2019

Reykjavíkurborg  
Umhverfis- og skipulagssvið  
Skipulagsfulltrúi

### **Formlegar athugasemdir vegna breytinga á deiliskipulagi vegna lóðarinnar nr. 23 við Freyjubrunn.**

Með vísan í bréf ykkar frá 16. febrúar þar sem óskað er eftir umsögn um breytingar á deiliskipulagi vegna lóðarinnar nr. 23 við Freyjubrunn viljum við, stjórn húsfélagsins í Freyjubrunni 25-27, fyrir hönd húsfélagsins og íbúa hússins, gera eftirfarandi athugasemdir:

Við gerum athugasemdir við að fjölga eigi íbúðum í húsinu úr 5 í 8. Ekki er skýrt hvernig á að taka við fjölgun bíla í hverfinu og vandséð hvernig koma mætti því við. Þar sem þétt er byggt má gera ráð fyrir að skortur verði á bílastæðum með óþægindum í för með sér og aukinni slyshættu. Gera má ráð fyrir að íbúar leggi bílum sínum við Freyjutorg, Freyjubrunn eða Gefjunarbrunn, í auknu mæli. Á sínum tíma var heimilað að fjölga íbúðum við Freyjubrunn 16,18 og 20 og við það þá skapaðist umfram eftirspurn eftir stæðum með þeim afleiðingum að öll stæði á borgarlandi við Freyjubrunn og Gefjunarbrunn eru fullnýtt og rúmlega það. Farið er að bera á að íbúar og gestir séu farnir að leggja við Freyjutorg sem skapar þrengingar og blinda vinkla fyrir ökumenn sem eiga leið í gegnum Freyjutorg með aukinni slyshættu í för með sér.

Einnig vill stjórn húsfélagsins benda á að töluverð slyshætta er fyrir hendi vegna legu hússins við Freyjubrunn 23. Húsið stendur mun framur í götunni en önnur hús fyrir ofan og neðan við Freyjubrunn 23, þ.e. Freyjubrunnur 25-17 og Freyjubrunnur 21 og er því á skjön við götumyndina. Blindhorn er á gatnamótum Freyjubrunnar og Gefjunarbrunnar sem skapar slyshættu. Þar sem bílastæði í borgarlandi eru nú þegar fullnýtt má gera ráð fyrir að íbúar og gestir muni leggja bílum á og við þetta blindhorn með enn frekari hættu á slysum. Stjórn húsfélagsins við Freyjubrunn 25-27 leggur til að borgin láta taka út umferðaröryggisþætti deiliskipulagsins eins og það hefur verið samþykkt. Velferð og öryggi borgarbúa hlýtur að vera í forgangi.

Athygli stjórnar húsfélagsins hefur verið vakin á því að Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar hefur áður fjallað um fjölgun íbúða í húsinu við Freyjubrunn 23. Tekið var neikvætt í fyrirspurnina á fembættiafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 29.09.2017 (sjá meðfylgjandi fundargerð) og þar sem ekki er ljóst til hvaða mótvægisáðgerða borgin ætlar að grípa til mt.t. bílastæða og umferðaöryggis er kallað eftir frekari skýringum borgarinnar á deiliskipulagabreytingunni og mótvægisáðgerðum sem gætu réttlætt þennan gjörning.

Með vinsemd og virðingu og fyrir hönd Húsfélagsins Freyjubrunni 25-27, stjórn þess

Jón Viggó Gunnarsson  
Guðrún B. Ægisdóttir  
Sandra Júlía Berndburg.

## Viðauki 1 – Úr fundargerð embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa 8. september 2017



Reykjavík 29.09. 2017 (BSS)

### Varðar: Freyjubrunnur 23

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. september 2017 var lögð fram fyrirspurn Jóns Hrafn Hlöðverssonar, mótt. 30. ágúst 2017, um að breyta deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 23 við Freyjubrunn sem felst í að fjölga íbúðum úr 5 íbúðum í 8 íbúðir, auka byggingarmagn um 10 m<sup>2</sup> til samræmis við samþykkt aðaluppdrætti frá 27. mars 2007 og endurúttefið byggingarleyfi frá 17. ágúst 2017 og fjölga bílastæðum um 2 stæði, samkvæmt uppdr. Mansard - teiknistofu ehf., dags. 28. ágúst 2017. Einnig er lagt fram bréf hönnuðar, dags. 29. ágúst 2017.

### skipulag:

Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 og deiliskipulag fyrir Úlfarsárdal samþykkt í skipulagsráði 25.01.2006



deiliskipulag í gildi

### Umsögn:

Gildandi deiliskipulag kveður á um að húsið geti verið 3H – 3 hæðir að meðtaldri bílageymslu, en á uppdrætti er bókstafurinn H útskýrður sem „fjöldi hæða að kjallara meðtöldum“. Á öðrum stað á uppdrættinum er útskýrt hvað B0 þýðir – en á lóð Freyjubrunnar 23 stendur 5 B0 sem þýðir bílageymsla jarðhæð og 5 stæði.

Óskað er eftir því að fjölga íbúðum í húsi og bílastæðum, en telja jafnfram bílastæði í borgarlandi sem hluti af bílastæðabókhaldi til að uppfylla kröfur vegna fjölgunar íbúða.

Ekki er heimilt að telja bílastæði á borgarlandi sem hluti af bókhaldi einstakra fjölbýlishúsalóða og því er tekið neikvætt í umsóknina.

Enn frekar er bent á að samþykktar teikningar samræmast ekki deiliskipulagsskilmálum hverfisins – varðandi hæðir hússins og er því beint til byggingarfulltrúa að endurskoða byggingarleyfið, húsið er of hátt og samræmist ekki gildandi deiliskipulagi.

### niðurstaða:

neikvætt er tekið í fyrirspurn um breytingu á deiliskipulagi

f.h. skipulagsfulltrúans í Reykjavík.  
Borghildur Sölvey Sturludóttir arkitekt

## Helena Stefánsdóttir

---

**Frá:** Ásmunda Baldursdóttir <asa.baldursdottir@gmail.com>  
**Sent:** 8. maí 2019 15:13  
**Til:** USK Skipulag  
**Afrit:** palmigud8@gmail.com  
**Efni:** Freyjubrunnur 23

Við eigendur fasteignanna Gefjunarbrunn 2 og 4 mótmælum þeim breytingum sem kynntar voru með bréfi dagsettu 27. mars 2019.

Þær breytingar sem kynntar voru og þá sérstaklega stækkun svala á norðurhlið húsinu munu vera alveg upp við húsin hjá okkur. Pallar eru við þessa hlið hússins ásamt stórum gluggum. Breytir þetta algjörlega umhverfi fasteignanna.

Er fasteignin Gefjunarbrunnur 2 var keypt af núverandi eigendum var þetta til skoðunar við kaupin og var ein af forsendum kaupanna að ekki voru svalir í þessa átt.

Telja eigendur beggja fasteignanna að þær breytingar sem kynntar voru munu rýra verðmæti fasteignanna.

Haflíði Páll Guðjónsson og Ásmunda Björg Baldursdóttir eigendur Gefjunarbrunn 2  
og  
Pálmi Franklín Guðmundsson og Guðrún Ása Hjálmtýsdóttir eigendur Gefjunarbrunn 4.

## USK Skipulag

---

**Frá:** Hildur Eyjólfsdóttir <hildure@simnet.is>  
**Sent:** 21. apríl 2019 14:21  
**Til:** USK Skipulag  
**Efni:** Freyjubrunnur 23

Góðan dag

Þakka bréf yðar dagsett 27. mars, varðandi Freyjubrunn 23.

Ég geri eftirfarandi athugasendir:

Auknum íbúðafjölda mun væntanlega fylgja aukin umferð bíla.

Stærð hússins verður umfangsmeiri.

Þar sem auka á fjölda íbúða en ekki fjölda bílastæða er ég á móti þessu.

Nú þegar er mikið bílastæðavandamál í Freyjubrunni.

Virðingarfyllt,  
Hildur Eyjólfsdóttir  
Freyjubrunni 16



Reykjavík 29.08.2017

**Skipulagsfulltrúinn í Reykjavík**  
**Borgartún 12-14**  
**Reykjavík**

	
Reykjavíkurborg Skipulagsfulltrúi	
Mótt.	23. Nóv. 2018
sign	
Skjalunr.	Ábmr.

**Varðandi: Freyjubrunnur 23**

### Ástæða breytinga:

Við vinnslu hönnuða á tillögu að 8 íbúða húsi eftir gildandi deiliskipulagsskilmálum, kom í ljós að hæðarmunur milli bílakjallara (H: 64,70) og aðkomuhæðar (GK: 70,20) er samkvæmt hæðarblaði 5,5 metrar. Þennan mikla hæðarmun er mjög dýrt að byggja, auk þess sem þörf á slíkri salarhæð í bílakjallara er dýr í rekstri og óþörf og því mikil sóun að framkvæmdinni.

Þar sem enn er mikill skortur á minni íbúðum í borginni, óska lóðarhafar eftir því að sækja um fjölgun íbúða á lóðinni. Hugmynd hönnuða er því að skjóta inn aukahæð kjallarahæð (-1. hæð) milli bílakjallara og aðkomuhæðar.

Heildarhæð hússins helst óbreytt, þar sem aðkomuhæð er óbreytt, og hámarkshæð því áfram 10,5 frá aðkomuhæð. Heildar byggingarmagn er einnig óbreytt.

Sjá skýringar sniðmynd í fylgigögnum.

### Meginmarkmið breytinganna:

- að nýta möguleika á því að fjölga minni íbúðum, vegna skorts á þeim á húsnæðismarkaði.
- að nýta ónýtta salarhæð (5,5 m) í kjallara til auka íbúðarhæðar.

### Breytingin felur í sér eftirtalin atriði:

1. Heimilt er að fjölga íbúðum úr 8 íbúðum í 14 íbúðir.
2. Sökum þess að um 5,5 m eru milli gólfkóta bílakjallara og aðkomuhæðar, verði heimilt að skjóta inn aukahæð, milli framantaldra hæða.
3. Gefin verði eftir krafa skilmála um að hús skuli fylgja bindandi byggingarlínu neðri hæðar. Hús skuli snerta hana.

**Bílastæðabókhalð:**

Í gildandi skilmálum er gert ráð fyrir 8 bílastæðum í bílakjallara, 1 bílsatæði á lóð og afnotum af 5 bílastæðum við götu í borgarlandi. Alls 14 bílastæði.

**Breytingin** miðast við að allar íbúðastærðir verði undir 60 m<sup>2</sup>. Það þýðir skv. grein 2.1.9. að hver íbúð þarf að lágmarki 1 bílastæði.

Í bílakjallara verða 10 bílastæði. 1 bílastæði hreyfihamlaðra er á lóð og afnot af 3 almennum bílastæðum við götu í borgarlandi. Alls 14 stæði.

**Að öðru leyti gilda skilmálar Úlfarsárdals – hverfi 4 óbreyttir fyrir Lofnarbrunn 14, bæði sameiginleg ákvæði og sérákvæði**

Virðingarfyllt,


---

Jón Hrafn Hlöðversson  
S: 862-7102


[www.mansard.is](http://www.mansard.is)



# FREYJUBRUNNUR 23.



SKILSKIPULAGI mkv.: 1 : 1000



Skýringar sniðmyndir; forsendur fyrir og eftir breytingu

æðum rýma í lokunarflokk B og C sem ekki eru innifalin í gildandi yfirlitstöflu.

búðum í 8 íbúðir.  
 ði aukði um 10,2 m<sup>2</sup> til samræmis við samþykkt aðaluppdrætti (BN036523) frá 27.03.2007 og 7.08.2017.

í innan lóðar um 2 stæði.

íbr. 2.1.9. Hús númeruð með oddatölum hafa afnot af 19 ómerktum bílastæðum við götu í borgarlandi.

bílastæðum í bilakjallara, 6 bílastæðum á lóð og afnotum af 4 bílastæðum við götu í borgarlandi ( $\frac{19}{6}=4$ ).


5 bílastæðum í bilakjallara, 8 bílastæðum á lóð og afnotum af 2 bílastæðum við götu í borgarlandi ( $\frac{19}{8}=2$ ).

árdals – hverfi 4 óbreyttir fyrir Freyjubrunn 23, bæði sameiginleg ákvæði og sérákvæði

Fj.b. á sameig. ílastæðalóðum	Fj. bílast. í götum	Bílast. samtals
0,0	0	11,0
0,0	ATH01	13,0
0		2
0,00%		18,18%

gerir breytt skipulag ráð kilmálum.

Stærð einkasvala í lokunar-flokk B og rýma í lokunarflokk C.
ekki tilgr.
ATH 02
Viðbótartafla.



ADALSKIPULAG REYKJAVÍKUR 2010 - 2030 HLUTAMYND

## SKÝRINGAR

- MÖRK DEILISKIPULAGS
- LÓÐAMÖRK
- MÖRK SÉRNOTAREITA
- BYGGINGARREITIR
- AFMÖRKUN DEILISKIPULAGSBREYTINGAR

H: FJÖLDI HÆÐA AÐ KJALLARA MEÐTÖLDUM  
 Byggingarreitir

- REITUR HÆÐA
- REITUR NEDSTU HÆÐA
- FJÖLBÝLI
- RADHÚS
- PARHÚS
- EINBÝLISHÚS
- STOFNANIR
- F FORNMINJAR

### KVÖÐ UM TRJÁGRÖÐUR

- ÞÉTTUR TRJÁGRÖÐUR, SKÓGRÆKT
- TRÉ Á GÖTUM SKV. LÝSINGU
- TORG
- ÚTIVISTARSTÍGUR, LEGA LEIÐBEINANDI
- GÖNGUSTÍGUR, LEGA LEIÐBEINANDI
- BÍÐSTÖÐVAR ALMENNINGSVAGNA, LEGA LEIÐBEINANDI
- I: ÍBÚÐARHÚSNÆÐI
- I+A: ÍBÚÐAR-OG/EDA ATVINNUHÚSNÆÐI
- B: BÍLASTÆÐI
- B 0: BÍLAGEYMSLA JARÐHÆÐ
- B-1: BÍLAGEYMSLA Í KJALLARA
- INNKEYRSLUR Í BÍLAGEYMSLUR
- "VIRK" SPRUNGA, YNGRI EN 10.000 ÁRA ÖBYGGILEGT SPRUNGUBELTI
- F BÍLASTÆÐI FATLABRA, LEGA LEIÐBEINANDI

# mansard

## teiknistofa ehf

Suðurlandsbraut 30 - 108 Reykjavík  
 www.mansard.is - jonhraf@mansard.is  
 Kt.: 570394-2079 - s:862-7102

Verkheiti: FREYJUBRUNNUR 23 - RVK		
Efni: FYRIRSPURN		
Tillaga - deiliskipulagsbreyting		
Verknúmer: DSK-01	Mkv.: 1:1000	A2
Teikn. nr.: FSP-01	Dags.: 28.08.2017	
Hannað: JHH	Teiknað: JHH	
Jón Hrafn Hlökkversson byggingafræðingur BFÍ		
Kt.: 260662-6519		
Samþykkt:		

Ný teikning			Eldri teikning					
Íbúð	Stærð	m2 verð	Raunhæft	Íbúð	Stærð	m2 verð	Bílastæði	Raunhæft
101	130,0	400.000	52.000.000	0101	82,6	452.095	3.500.000	40.843.047
201	60,0	531.530	31.891.800	0102	107,0	446.552	3.500.000	51.281.064
203	60,0	531.530	31.891.800	0201	83,7	452.095	3.500.000	41.340.352
203	60,0	531.530	31.891.800	0202	108,3	446.552	3.500.000	51.861.582
301	60,0	531.530	31.891.800	0301	146,9	520.000	3.500.000	79.888.000
302	60,0	531.530	31.891.800					
303	60,0	531.530	31.891.800					
	<b>490,0</b>		<b>243.350.800</b>		<b>528,5</b>			<b>265.214.044</b>

#### Leiðréttingar

Eldri teikning Penthouse 0301 verð leiðrétt m.v. markaðsverð  
Ný teikning íbúð 0101 verð lækkað m.v. markaðsverð

Mismunur á söluverði húsa                    **21.863.244**

Meðal m2 eldri teikning                    501.824  
Meðal m2 ný teikning                    496.634

Heimild:  
<https://verdsja.skra.is/#/kaupverd/nidurstodur>




### Kostnaður við breytingar

Mismunur á áætluðu söluverði	-21.863.244
<b>Sparnaður við minna hús</b>	<b>11.300.000</b>
Teikningar	-3.978.000
Verkfr.teikningar	-3.038.000
Uppsáttur + járnalögn niðurrif	-1.500.000
Brot/sögun + br.lagnir	-2.000.000
Krani/mót/vinnubúðir 3 mán.	-2.880.000
Mótagengi viðbótarkostn. 1 mán.	-1.020.000
Vaxtakostnaður	-1.600.000
Sérfræðiaðstoð	-1.000.000
Umsjón, verkefnastj./byggingastj. ofl.	-3.000.000

---

---

Alls -30.579.244



Reykjavíkurborg  
Byggingarfulltrúi

# BYGGINGARLEIFYFI

## Freyjubrunnur 23 Endurútféið byggingarleyfi v/byggingarstjórskipta

Með vísan til 13. og 14. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 og gr. 2.4.4, 2.4.7 og 2.4.8 í byggingarreglugerð nr. 112/2012 og samþykkt á byggingarleyfisumsókn nr. BN035144, sem staðfest var í borgarráði þann 18. janúar 2007, er Mánalind ehf kt. 520515-1000 veitt byggingarleyfi til þess að byggja þriggja hæða steinsteyppt fjölbýlishús ásamt geymslu- og bílgeymslukjallara með samtals fimm íbúðum og bílgeymslu fyrir fimm bíla á lóð nr. 23 við Freyjubrunum  
Einnig er samþykkt erindi BN035644 þar sem sótt er um leyfi til þess að breyta nýsamþykktu fjölbýlishúsi þannig að það stækkar lítillega, innra skipulag íbúða



## Mál: Freyjubrunnur 23 – breyting á deiliskipulagi

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Jóns Hrafn Hlöðverssonar dags. 18. september 2018 um breytingu á deiliskipulagi að Freyjubrunni 23. Í breytingunni felst m.a. að fjölga íbúðum úr fimm í átta og auka byggingarmagn, samkvæmt uppdr. Mansard teiknistofu dags. 31. janúar 2019. Einnig er lagt fram bréf Mansard teiknistofu dags. 18. september 2018 og bréf borgarlögmanns dags. 5. september 2018. Jafnframt er lagt fram bréf Mansard teiknistofu ehf. dags. 29. ágúst 2018 mótt. 23. nóvember 2018. Tillagan var auglýst frá 27. mars 2019 til og með 8. maí 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Hildur Eyjólfsdóttir dags. 21. apríl 2019, Ástríður Elín Jónsdóttir og Jón Viggó Gunnarsson dags. 6. maí 2019, Jón Viggó Gunnarsson, Guðrún B. Ægisdóttir og Sandra Júlí Berndburg f.h. Húsfélagsins Freyjubrunni 25-27 dags. 8. maí 2019 og Hafliði Páll Guðjónsson, Ámunda Baldursdóttir, Pálmi Franklín Guðmundsson og Guðrún Ása Hjálmtýsdóttir dags. 8. maí 2019.

### Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir:

- Hildur Eyjólfsdóttir dags. 21. apríl 2019,
- Ástríður Elín Jónsdóttir og Jón Viggó Gunnarsson dags. 6. maí 2019,
- Jón Viggó Gunnarsson, Guðrún B. Ægisdóttir og Sandra Júlí Berndburg f.h. Húsfélagsins Freyjubrunni 25-27 dags. 8. maí 2019 og
- Hafliði Páll Guðjónsson, Ámunda Baldursdóttir, Pálmi Franklín Guðmundsson og Guðrún Ása Hjálmtýsdóttir dags. 8. maí 2019.



### Efnisatriði athugasemdarinnar er í megin atriðum eftirfarandi:

- Fjölgun íbúða án fjölgun bílastæða veldur auknu álagi á bílastæði í hverfinu.
- Svalir á norðurhlið húss rýra verðgildi nágrannaeigna.
- Umrædd breyting veldur slyshættu. Staðsetning byggingar og aukið álag á bílastæði veldur slyshættu fyrir gangandi, hjólandi og akandi vegfarendur. Óskað er eftir úttekki borgarinnar á umferðaröryggi í deiliskipulaginu.
- Málsmeðferð hjá borgaryfirvöldum.
- Byggingarmagn of mikið – þrengsli í hverfi. Hús er hækkað.
- Skaðabætur vegna rýrnunar á verðgildi eigna á aðliggjandi lóðum.

### Umsögn og niðurstaða:

#### a) Fjölgun íbúða án fjölgun bílastæða veldur auknu álagi á bílastæði í hverfinu.

#### Svar við athugasemd

Í deiliskipulaginu eru skýr ákvæði um fjölda bílastæða. Þar gildir eftirfarandi:

- Íbúðir minni en 60 fm: 1 stæði utanhúss eða í bílageymslu. Samtals 1 stæði á íbúð.
- Íbúðir 60 - 80 fm: 1,5 stæði utanhúss eða í bílageymslu. Samtals 1,5 stæði á íbúð.
- Íbúðir í fjölbýlishúsum stærri en 80 fm: 2 stæði utanhúss eða í bílageymslu. Samtals 2 stæði á íbúð.

Öll uppbygging á lóðinni verður að vera innan þessara marka. Stærðir íbúða ráða fjölda bílastæða. Ekki er gert ráð fyrir stórum íbúðum í húsinu.



**b) Svalir á norðurhlið húss rýra verðgildi nágrannaeigna.**


**Svar við athugasemd**

Í gildandi deiliskipulagi er heimild fyrir að svalir megi fara allt að 60 cm út fyrir byggingarreit. Í eldra skipulagi voru engin takmörk á hversu langt svalir mættu fara út fyrir byggingarreit. Ekki er óalgengt að víða fari svalir í hverfinu 2-3 metra út fyrir byggingarreit. Svalir á Gefjunarbrunni 2-4 ná 2,5 metra út fyrir byggingarreit, skv. samþykktum aðaltekningum.

Í hverfi í uppbyggingu má alltaf gera ráð fyrir það verði svalir á næsta húsi. Umræddar svalir mega ná mest 1,5 metra út fyrir byggingarreit.

Sé mæliblað skoðað kemur í ljós að fjarlægð milli húsanna er 15,28 metrar. Ekki er göngukvöð eða gangstétt nærri þessum svölum og því er nægilegt pláss fyrir stækkun nýrra svala. Í deiliskipulagsbreytingunni er tekið fram að það eru einungis einar svalir sem mega vera þetta stórar. Í athugasemdum kemur fram að það hafi verið forsenda

kaupsamnings að ekki kæmu svalir á norðurhlið Freyjubrunns 23. Kaupsamningar eru gerðir milli einstaklinga og án aðkomu borgarinnar. Skipulagsvald sveitarfélaga er bundið í lögum og óháð samningum sem einstaklingar gera sín á milli.



**c) Umrædd breyting veldur slyshættu. Staðsetning byggingar og aukið álag á bílastæði veldur slyshættu fyrir gangandi, hjólandi og akandi vegfarendur. Óskað er eftir úttekt borgarinnar á umferðaröryggi í deiliskipulaginu.**

**Svar við athugasemd**

Engin breyting er á staðsetningu byggingarinnar eða formi hennar. Í deiliskipulagsbreytingunni er íbúðum fjölgað um þrjár, úr fimm í átta. Í stóra samhenginu breyta 3 litlar íbúðir ekki öllu.

**d) Málsmeðferð hjá borgaryfirvöldum.**

**Svar við athugasemd**

Málið hefur farið frekar óvenjulega leið í stjórnsýslunni. Öll málsmeðferð deiliskipulagstillögunnar er í samræmi við ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010 og skipulagsreglugerðar.

**e) Byggingarmagn of mikið – þrengsli í hverfi. Hús er hækkað.**

**Svar við athugasemd**

Framkvæmd skipulagsins hefur verið á þann hátt að þetta byggingarmagn hefur þótt vera í samræmi við það. Heimilt byggingarmagn og hæð er sambærilegt við hús að Freyjubrunni 29.

Með deiliskipulagsbreytingunni er ekki verið að hækka veggghæð hússins frá því sem ákveðið var í fyrra deiliskipulagi heldur er verið að endurskilgreina hvaðan veggghæð skuli reiknast. Leiðir breytingin til þess að skilgreind hæð er frá fyrstu íbúðarhæð, fremur en frá viðmiðunarkóta aðkomuhæðar. Hámarkshæð hússins er 89,0-90,5 m.y.s. eftir þakformi. Þar að auki er verið að fjölga íbúðum og íbúðargerðum.





**f) Skaðabætur vegna rýrnunar á verðgildi eigna á aðliggjandi lóðum.**

**Svar við athugasemd**

Telji aðili að gildistaka skipulagsáætlunar leiði til tjóns, umfram það sem almennt gerist, getur sá hinn sami beint skaðabótakröfu að sveitarstjórn í samræmi við 51. gr. skipulagslaga.

**Samantekt á niðurstöðu**

Eftir yfirferð athugasemda er lagt til að tillaga að deiliskipulagsbreytingu fyrir Freyjubrunn 23 í Úlfarsárdal verði samþykkt.

F.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Björgvin Rafn Sigurðsson  
Lögmaður  
Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur

Hrafnhildur Sverrisdóttir  
arkitekt FAÍ og verkefnastjóri  
Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur



# ÚLFARSÁRDALUR - DEILISKIPULAGSBREYTING VEGNA LÓÐARINNAR FREYJUBRUNNUR 23.



HLUTI GILDANDI DEILISKIPULAGS FYRIR ÚLFARSÁRDALSHVERFI

Samþykkt í umhverfis- og skipulagsráði þann 27. september 2017 og í borgarráði 5. október 2017 og birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 19. febrúar 2018.

mkv.: 1: 1000

## Úr gildandi deiliskipulagi:

Deiliskipulag fyrir Úlfarsárdal eru í gildi fyrir hverfið. Það var samþykkt í umhverfis- og skipulagsráði þann 27.09.2017 og í borgarráði þann 05.10.2017. Það öðlaðist gildi með birtingu í B-deild Stjórnartíðinda þann 19.02.2018.

Landsvæðið, sem deiliskipulag Úlfarsárdalshverfis tekur til, nær frá Leirtjörn í norðri að jarri núverandi íbúðarbyggðar við Úlfarsárdal í suðri og frá Mímisbrunni í vestri austur að gilinu austan við núverandi byggð. Mörk deiliskipulags eru skilgreind á uppdrætti. Heildarstærð hverfis er um 43 ha, brúttó. Landið er í um 90 metra hæð yfir sjávarmáli þar sem það rís hæst. Allt land, sem fer undir Úlfarsárdalshverfi, er í eigu Reykjavíkurborgar. Í Úlfarsárdalshverfi er gert ráð fyrir íbúðabyggð.

Tillaga að deiliskipulagsbreytingu nær eingöngu til lóðar númer 23 við Freyjubrunn. Í henni felst að annars vegar er íbúðum fjölgað um 3, þ.e. úr 5 í 8, og hins vegar veitt undanþága um stærð svala á norðurhlíð byggingar.

Í gildandi deiliskipulagi er heimild fyrir fjölbýlishúsi með 5 íbúðum á tveimur og hálfri hæð auk bílageymslu fyrir 5 bíla í kjallara. Á lóð er gert ráð fyrir 6 bílastæðum. Aðkoma er frá Freyjubrunni.

Fjölbýlishús eru 2-5 hæðir auk bílageymsluhæðar. Húsin standa í mismunandi miklum halla. Bílageymsluhæð getur verið niðurgrafin alfarið eða að hluta til.

Almennt séð er gerð krafa um fjölbreytileika í íbúðarstærðum. Gert er ráð fyrir hæfilegri blöndun íbúðarstærða á hverri lóð fyrir sig. Þannig er samhengi annars vegar á milli fjölda bílastæða sem unnt er að koma fyrir á hverri lóð fyrir sig og fjölda og stærð íbúða hins vegar. Í fjölbýlishúsum eru bílageymslur á neðstu hæðum, niðurgrafnar þar sem landhalli gefur tilefni til.

Húshæðir fjölbýlishúsa eru almennt 2-5 hæðir íbúðarhúsnæðis auk bílageymsluhæðar.

Hámarksveggshæð þriggja hæða bygginga 9,5 metrar yfir viðmiðunarkóta aðkomuhæðar (KA) ef þök eru flöt. Ef þök eru hallandi er hámarkshæð þriggja hæða bygginga 11,0 metrar.

Byggingarreitir sýnir hámarksgrunnflöt byggingar. Bygging skal vera innan byggingarreitir með eftirfarandi undantekningum. Einstaka byggingahlutar svo sem þakskegg, skyggni, gluggafrágangur, svalir, þaksvalir og sólpallar mega skaga allt að 60 sm út fyrir byggingarreit, með tilliti til aðstæðna á lóð t.d. grenndarsjónarmiða, stærðar lóðar, fjarlægð á milli húsa o.fl., sjá einnig sérákvæði.

Byggingarlína ákvarðar ystu mörk byggingar á lóð. Búndin byggingarlína er heildregin á uppdrætti og er bindandi með eftirfarandi frávikum: Útveggir húsa skulu fylgja byggingarlínu en gera má ráð fyrir innskotum, sérstaklega við stigaganga. Engar útbyggingar eru leyfðar á jarðhæð en draga má inn um allt að tvo metra frá byggingarlínu á því sem nemur fjórðungi heildarlengdar hússins. Opin byggingarlína er brotin á uppdrætti og umlykur byggingarreit ásamt búndinni byggingarlínu. Útveggir húss þurfa ekki að fylgja opinni byggingarlínu og mega ekki fara út fyrir hana að öðru leyti en um getur í kafla um byggingarreit hér að neðan.

Hönnun lóða fjölbýlishúsa skal vera hluti aðaluppdráttar. Með aðaluppdráttum sem lagðir eru fyrir embætti byggingarfulltrúa skal samtímis skila séruppdrætti lóðar gerðum af landslagsarkitekt.

Gera skal ráð fyrir sérnotareitum á lóðum þar sem íbúðir eru á jarðhæð. Meta skal eftir aðstæðum og endanlegri hönnun húsa hversu langt út frá húsi sérnotafletir ná. Þeir skulu þó ávallt ná a.m.k. þrjá metra út frá húsi þar sem gluggar eru og íverurými innan við, sé þess kostur, nema við þær húshliðar sem snúa að götum og torgum.

GILDANDI DEILISKIPULAG:

Freyjubrunnur	Húsagerð	Fjöldi hæða án kjallara	Stærð lóðar	Hámarksstærð húsnæðis með bílageymslu	Nýtingarhlutfall lóðar m. bílageymslu	Fjöldi íbúða	Fjöldi bílastæða
23	Fjölbýli	2,5	610	755	1,24	5	11



TILLAGA AÐ BREYTTU SKIPULAGI - UPPDRÁTTUR BREYTIST EKKI

mkv.: 1: 1000

## Tillaga að breytingu að deiliskipulagi:

Í stað 5 íbúðum í húsinu á lóð Freyjubrunnur 23 er heimild fyrir 8 íbúðum.


Byggingarreitir sýnir hámarksgrunnflöt byggingar. Bygging skal vera innan byggingarreitir með eftirfarandi undantekningum. Einstaka byggingahlutar svo sem þakskegg, skyggni, gluggafrágangur, svalir, þaksvalir og sólpallar mega skaga allt að 60 sm út fyrir byggingarreit, með tilliti til aðstæðna á lóð t.d. grenndarsjónarmiða, stærðar lóðar, fjarlægð á milli húsa o.fl., sjá einnig sérákvæði. Á norðurhlíð húss mega svalir á næst efstu hæð fyrir miðju húss ná 150 sm út fyrir byggingarreit húss. Þær mega þó ekki vera stærri að flatarmáli en 5,1m<sup>2</sup>.

Hámarksveggshæð þriggja hæða bygginga er 9,5 metrar frá gólfkóta fyrstu íbúðarhæðar, ef þök eru flöt. Ef þök eru hallandi er hámarkshæð þriggja hæða bygginga 11,0 metrar. Ef þök eru flöt má hæsti þakkóti aldrei vera hærri en 89,0 m.y.s. en ef þök eru hallandi má hæsti þakkóti aldrei vera hærri en 90,5 m.y.s. Hæðarkótar miðast við hæðarkerfi Reykjavíkur.

Að öðru leiti gilda skilmálar og uppdrættir í gildandi deiliskipulagi fyrir Úlfarsárdal frá febrúar 2018.

DEILISKIPULAGSTILLAGA

Freyju-brunnur	Húsagerð	Fjöldi hæða án kjallara	Stærð lóðar	Hámarksstærð húsnæðis m/bílageymslu A-rými	B-rými svala	Heildarbyggingarmagn (A og B rými)	Nýtingarhlutfall lóðar án B-rýma	Nýtingarhlutfall lóðar (A og B rými)	Fjöldi íbúða	Fjöldi bílastæða
23	Fjölbýli	2,5	610	765,2	38,3	803,5	1,25	1,32	8	11



ADALSKIPULAG REYKJAVÍKUR 2010 - 2030 HLOTAMYND

## SKÝRINGAR

BYGGINGARREITIR	
	FJÖLBÝLI
	RÁÐHÚS
	PARHÚS
	EINBÝLISHÚS
	TVÍBÝLISHÚS/EINBÝLISHÚS
	BYGGINGAREITUR FYRIR BILAGEYMSLUR NEDANJARÐAR
	VERSLUN OG ÞJÓNUSTA
	STOFNANIR
	DREIFISTÓÐ

	KVÖÐUM GÖTUTRÉ
	STADSETNING LEIÐBEINANDI
	TORG
	ÚTMSTARSTIGUR
	LEGA LEIÐBEINANDI
	SPRUNGUBELTI
	HLJÓDMÖN
	BIDSTÖÐVAR ALMENNINGSVAGNA, LEGA LEIÐBEINANDI
	INNKEYRSLUR Í BILAGEYMSLUR
	ÁNINGARSTADUR OG LEIKSVÆÐI
	MÖRK DEILISKIPULAGS
	LÓÐAMÖRK
	MÖRK SÉRNOTAREITA
	BÚNDIN BYGGINGALÍNA
	BYGGINGARREITIR
	AFMÖRKUN SKIPULAGSTILLAGU

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt //á \_\_\_\_\_


þann \_\_\_\_\_ 20\_\_.

Tillagan var auglýst frá \_\_\_\_\_ 20\_\_ með athugasemdafresti til \_\_\_\_\_ 20\_\_.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_ 20\_\_.

# mansard

## teiknistofa ehf



Suðurlandsbraut 30 - 108 Reykjavík  
www.mansard.is - jonhrafni@mansard.is  
Kt.: 570394-2079 - s:862-7102

Verkheiti: **FREYJUBRUNNUR 23 - RVK**

Efni: **DEILISKIPULAGSBREYTING - TILLAGA**

Verknúmer: DSK-01	Mkv.: 1:1000	<b>A2</b>
Teikn. nr.: SK-01	Dags.: 31.01.2019	
Hannað: JHH	Teiknað: JHH	
Jón Hrafn Hlöðversson byggingafræðingur BFÍ Kt.: 260662-6519		
Samþykkt:		





Árið 2019, föstudaginn 11. október tók Ómar Stefánsson, varaformaður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, fyrir mál nr. 102/2019 með heimild í 3. mgr. 3. gr., sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 130/2011.

Í málinu er nú kveðinn upp til bráðabirgða svofelldur

### úrskurður um kröfu kæranda um stöðvun framkvæmda:

Með bréfi til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 28. september 2019, er barst nefndinni 29. s.m., kæra Jón Viggó Gunnarsson og Ástríður Elín Jónsdóttir, eigendur lóðarinnar Freyjubrunns 25-27, þá ákvörðun borgarráðs Reykjavíkur frá 18. júlí 2019 að samþykkja breytingu á deiliskipulagi Úlfársdals vegna lóðarinnar nr. 23 við Freyjubrunn. Gera kærundur þá kröfu að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi og að framkvæmdir á grundvelli hinnar kærðu deiliskipulagsbreytingar verði stöðvaðar á meðan málið er til meðferðar hjá úrskurðarnefndinni. Verður nú tekin afstaða til framkominnar stöðvunarkröfu kæranda.

**Málsatvik:** Auglýsing um gildistöku breytingar á deiliskipulagi Úlfársdals vegna lóðarinnar nr. 23 við Freyjubrunn var birt í B-deild Stjórnartíðinda 30. ágúst 2019. Var tekið fram að í breytingunni fælist m.a. fjölgun á íbúðum í húsinu á nefndri lóð úr 5 í 8, undantekningar vegna byggingarhluta sem megi skaga út fyrir byggingarreit og að hámarksvegg hæð þriggja hæða bygginga verði 9,5 m frá gólfkóta fyrstu íbúðarhæðar ef þök séu flöt.

**Niðurstaða:** Í 1. mgr. 5. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála er tekið fram að kæra til úrskurðarnefndarinnar fresti ekki réttaráhrifum kærðrar ákvörðunar en jafnframt er kæranda þar heimilað að krefjast stöðvunar framkvæmda til bráðabirgða séu þær hafnar eða yfirvofandi. Þá getur úrskurðarnefndin að sama skapi frestað réttaráhrifum ákvörðunar sem felur ekki í sér heimild til framkvæmda, komi fram krafa um það af hálfu kæranda, sbr. 3. mgr. nefndrar 5. gr. Með sama hætti er kveðið á um það í 29. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 að kæra til æðra stjórnvalds fresti ekki réttaráhrifum ákvörðunar en þó sé heimilt að fresta réttaráhrifum hinnar kærðu ákvörðunar til bráðabirgða meðan málið er til meðferðar hjá kærustjórnvaldi þar sem ástæður mæli með því. Tilvitnuð lagaákvæði bera með sér að meginreglan er sú að kæra til æðra stjórnvalds frestar ekki réttaráhrifum kærðrar ákvörðunar og eru heimildarákvæði fyrir stöðvun framkvæmda eða frestun réttaráhrifa kærðrar ákvörðunar undantekning frá nefndri meginreglu sem skýra ber þröngt. Verða því að vera ríkar ástæður eða veigamikil rök fyrir ákvörðun um frestun réttaráhrifa og stöðvun framkvæmda.

Gildistaka deiliskipulags eða deiliskipulagsbreytingar felur ekki í sér heimildir til að hefja framkvæmdir heldur þarf til að koma sérstök stjórnvaldsákvörðun sem kæránleg er til úrskurðarnefndarinnar, svo sem samþykkt byggingar- eða framkvæmdaleyfis í skjóli slíkrar ákvörðunar, sbr. 11. gr. og 13. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 og 13., 14. og 15. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Í kærumáli vegna greindra stjórnvaldsákvæðana er eftir atvikum

unnt að gera kröfu um stöðvun framkvæmda til bráðabirgða skv. 5. gr. laga nr. 130/2011. Er því almennt ekki tilefni til að beita heimild til stöðvunar framkvæmda eða frestunar réttaráhrifa í kærumálum er varða gildi deiliskipulagsákvæðana.

Með vísan til þess sem að framan er rakið verður ekki séð að knýjandi nauðsyn sé á að fallast á kröfu kæranda um stöðvun framkvæmda sem heimilaðar eru með hinni kærðu deiliskipulagsbreytingu.

#### Úrskurðarorð:

Hafnað er kröfu kæranda um stöðvun framkvæmda til bráðabirgða samkvæmt hinni kærðu deiliskipulagsákvörðun.

---

Ómar Stefánsson (sign)





Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála  
Skuggasundi 3  
101 Reykjavík

Reykjavík 30. október 2019.  
Mál nr. 102/2019

**Efni:** Greinargerð Reykjavíkurborgar vegna kæru Jóns Viggós Gunnarssonar og Ástríðar Elínar Jónsdóttur eigendur að einni fasteign að Freyjubrunni 25-27, vegna samþykkt á breytingu á deiliskipulagi fyrir Úlfarsárdal vegna Freyjubrunns 23, sem samþykkt var þann 3. júlí 2019 í skipulags- og samgönguráði og staðfest í borgarráði þann 18. júlí 2019. Breytingin var birt í B- deild Stjórnartíðinda 30. ágúst 2019.

Með tölvupósti dags. 30. september 2019, framsendi úrskurðarnefndin kæru, dagsett þann 28. september 2019 og fór þess jafnframt á leit við skipulagsyfirvöld að þau lýstu viðhorfum sínum til kærunnar og léti úrskurðarnefndinni í té þau gögn sem gætu verið til upplýsinga við úrlausn málsins.

Í greinargerð þessari er viðhorfum Reykjavíkurborgar lýst til kærunnar.

#### Málavextir

Gildandi deiliskipulag fyrir svæðið er breyting á deiliskipulagi Úlfarsárdal, samþykkt í borgarráði 5. október 2017. Hin kærða breyting á deiliskipulagi Úlfarsárdals vegna Freyjubrunns 23 var samþykkt að auglýsa sbr. 1. mgr. 43. gr. sbr. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, á fundi skipulags og samgönguráðs þann 20. febrúar 2019.

Í breytingunni felst m.a. að fjölga íbúðum úr fimm í átta og auka byggingarmagn samkvæmt uppdr. Mansard teiknistofu dags. 31. janúar 2019. Borgarráð samþykkti erindið til auglýsingar á fundi sínum 7. mars 2019. Málið var í auglýsingu frá 27. mars 2019 til 8. maí 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Hildur Eyjólfsdóttir dags. 21. apríl 2019, Ástríður Elín Jónsdóttir og Jón Viggó Gunnarsson dags. 6. maí 2019, Jón Viggó Gunnarsson, Guðrún B. Ægisdóttir og Sandra Júlí Berndburg f.h. Húsfélagsins Freyjubrunni 25-27 dags. 8. maí 2019 og Hafliði Páll Guðjónsson, Ásmunda Baldursdóttir, Pálmi Franklín Guðmundsson og Guðrún Ása Hjálmtýsdóttir dags. 8. maí 2019. Erindið var lagt á ný fyrir skipulags- og samgönguráð þann 3. júlí 2019 og samþykkt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 28. júní 2019.

Borgarráð samþykkti afgreiðslu skipulags- og samgönguráðs á fundi sínum þann 18. júlí 2019. Breytingin var birt í B- deild Stjórnartíðinda 30. ágúst 2019.

#### Kröfugerð:

Kröfur kæranda koma fram í kæru. Kærandi gerir þá kröfu að felld verði úr gildi sú ákvörðun borgarráðs frá 18. júlí 2019, sem birt var í B- deild Stjórnartíðinda 30. ágúst 2019, að samþykkja breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals.

Reykjavíkurborg gerir þá kröfu að hin kærða samþykkt skiplags- og samgönguráðs verði staðfest. Málsmeðferð skipulagsbreytingarinnar sem kærð er, hafi að öllu leyti verið í samræmi við ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010 og stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

## Álit Reykjavíkurborgar

Kærendur telja að hin umdeilda deiliskipulagsbreyting hafi fengið ranga málsmeðferð og það hefði átt að fara með breytinguna eins og um nýtt deiliskipulag væri að ræða.

Hin umþrætta deiliskipulagstillaga fékk málsmeðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr., sbr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 en sú málsmeðferð var samþykkt á fundi skipulags og samgönguráðs þann 20. febrúar 2019.

Við mat á því hvort breyting á deiliskipulagi teljist óveruleg skal taka mið af því að hve miklu leyti tillagan víkur frá notkun, nýtingarhlutfalli, útliti og formi viðkomandi svæðis. Er sambærilegt ákvæði að finna í gr. 5.8.2. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, en jafnframt er þar tilgreint að meta skuli hvort um fordæmisgefandi breytingu sé að ræða eða breytingu er varði almannahagsmuni. Deiliskipulagstillaga sú sem hér um ræðir sætti auglýsingulíkt og segir í 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 Talið var að ekki hafi verið skilyrði til að grenndarkynna skipulagstillöguna sem óverulega deiliskipulagsbreytingu skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga og var breytingartillagan auglýst samkvæmt 41. gr. skipulagslaga. Það sem er kannski að rugla kæranda er að hagsmunaaðilar og nágrennar voru upplýstir með bréfi dags. 27. mars 2019, um að auglýsing hafi birst í Fréttablaðinu og Lögbirtingarblaðinu þann 27. mars 2019 og voru þeir sem töldu sig eiga hagsmuna að gæta voru hvattir til að kynna sér tillögurnar, þar á meðal kæranda. Eru þessar bréfasendingar eru umfram lagalega tilkynningarskyldu sveitarfélaga eins og hún er skilgreind í skipulagslögum. Málsmeðferðin hafi uppfyllt gr. 5.8.5.2 skipulagsreglugerðar nr. 90/2013.

Kærendur telja að upplýsingar í kynningargögnum á tillögu að breyttu deiliskipulagi, sem hagsmunaaðilar fengu tækifæri á að andmæla og voru til grundvallar samþykki borgarráðs, hafi ekki verið fullnægjandi. Þeir telja að ekki hafi verið dregin upp raunsönn mynd af því sem deiliskipulagsbreytingin hafði í för með sér.

Ekki er tekið undir að þau kynningargögn hafi ekki verið fullnægjandi. Bæði uppdráttur og greinargerð uppfylla þau skilyrði sem koma fram í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 um framsetningu á deiliskipulagi, sbr. 5.5. gr. í reglugerðinni, eins og við á. Um minniháttar breytingu er að ræða á byggingarmagni en A- rýmin aukast um rúma 10 fm<sup>2</sup>. Aukning á nýtingarhlutfalli er vegna B- rýma sem ekki voru reiknuð inn í deiliskipulagið árið 2017.


### Niðurstaða:

Í ljósi framangreinds krefst Reykjavíkurborg þess að kröfu kæranda í máli þessu verði hafnað.

Deiliskipulagið var auglýst samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og var málsmeðferðin í fullu samræmi við þær málsmeðferðarreglur sem kveða á um í skipulagslögnum og stjórnsýslulögum nr. 37/1993.

Taki nefndin til skoðunar aðrar málsástæður en fram koma í kæru er þess óskað að borgaryfirvöldum verði gefið tækifæri til að tjá sig um þær áður en úrskurðað verður í málinu.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs,



Erna Hrönn Geirsdóttir, lögfræðingur

### Meðfylgjandi:

1. Útprintun úr erindreka.
2. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 28. júní 2019.
3. Útsend bréf til hagsmunaaðila dag. 27. mars 2019
4. Nafnalisti fyrir útsendu bréfin